
Hitaveitulögn frá Hjalteyri til Akureyrar

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 8. maí 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Norðurorku hf. um lagningu nýrrar hitaveitulagnar frá Hjalteyri til Akureyrar, Hörgársveit og Akureyrarbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hörgársveitar, Akureyrarbæjar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning vegna nýrrar hitaveitulagnar frá Hjalteyri til Akureyrar Fyrirspurn um matsskyldu. Norðurorka hf., maí 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hörgársveit með tölvubréfi dags. 15. júní 2018.
- Akureyrarbæ með bréfi dags. 4. júní 2018.
- Fiskistofu með tölvubréfi dags. 18. júní 2018.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra með tölvubréfi dags. 18. júlí 2018.
- Minjastofnun með bréfi dags. 4. júní 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. júní 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfum dags. 11. og 18. júní 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að áætlað sé að leggja nýja hitaveitulögn frá borholum við Hjalteyri að Akureyri. Núverandi hitaveitulögn hafi verið lögð árið 2003 en brýn þörf sé á að bæta við annarri lögn til tryggja nægjanlegt heitt vatn á Akureyri og í nágrennabyggðum. Núverandi lögn sé of grönn fyrir það vatnsmagn sem sé aflað á svæðinu, því sé straumhraði í henni óþarflega mikill og þar af leiðandi mikið þrýstifall. Af þeim sökum hafi þurft að setja upp dælustöð á miðri leið, sem sé soun á raforku, en hún verði óþörf að framkvæmd lokinni.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að heildarlengd nýju lagnarinnar frá borplani við Hjalteyri að Akureyri sé 19 km og mestan hluta leiðarinnar sé lögnin í vegkanti. Á tveimur stöðum, á alls 3,5 km kafla, verði lögnin ekki samsíða núverandi lögn, annars vegar þar sem hún þveri tún í Kræklingahlíð norðan Akureyrar og fari í átt að Skjaldarvík, hins vegar sitt hvoru megin við Hörgá en þar fari lögnin um mólendi að mestu og stöku mýrakafla.

Fram kemur að eldri lögnin liggi undir botni Hörgár austan við Skipalón en nýja lögnin á árbotni vestan Skipalóns. Gert sé ráð fyrir að þvermál lagnarinnar verði um 50 cm og skurðdýpt verði almennt 2 metrar. Breidd á botni skurðar sé um 1,5 m en 2,5-3,0 m á yfirborði þar sem ákveðinn flái þurfi að vera til að lágmarka hrúnhættu á starfsmenn. Ekki sé ráðgert að leggja vegslóða



meðfram lögninni. Auk gröfu sem verði notuð til að grafa og loka skurðinum verði notað tæki til að koma lögninni fyrir.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að holan sem áætlað sé að bora verði á núverandi borplani í landi Arnarness þar sem fyrir séu tvær vinnsluholur. Hörgársveit hafi veitt framkvæmdaleyfi fyrir boruninni í janúar 2018. Borstæðið sé á lágheitsvæði og séu engar ölkeldur, laugar eða hverir þar né í nágrenninu. Því sé holan ekki tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

4 UMHVERFISÁHRIF

Gróður

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi farið fram sérstök vettvangsrannsókn vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og umfjöllun um vistgerðir byggi á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samkvæmt henni finnst votlendisvistgerðir á framkvæmdasvæðinu sem hafi hátt verndargildi s.s. tjarnastararflóavist, runnamýravist, gulstaraflóavist og starungsmýravist. Vistgerðakortið bendi til þess að á svæðinu sé að finna hnoðmosa og maríulykil sem séu bæði á valista. Auk þess hafi nokkrar sjaldgæfar æðplöntutegundir fundist. Endanlegt lagnastæði verði valið í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands með vettvangsrannsókn.

Ætla má að umfang áhrifasvæðis framkvæmdarinnar sé á afmörkuðu belti 50 – 150 m breiðu meðfram lögninni. Í umsögn Hörgársveitar kemur fram að ætla megi að umfang áhrifasvæðis framkvæmdarinnar sé á afmörkuðu belti 50 – 150 m breiðu meðfram lögninni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrifasvæðið ætti að geta verið mun minna. Þar sem lögnin sé ekki í veghelgunarsvæði sé gert ráð fyrir að uppgröftur fari á skurðbakkann öðru megin og síðan yrði akstur með rör, sand o.fl. á hinum skurðbakknum.

Umhverfisstofnun bendir á að nýta mætti sérfræðiþekkingu Náttúrufræðistofnunar Íslands í vettvangsskoðun til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar þar sem lögnin liggi um votlendi.

Menningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að haft hafi verið í sambandi við Hörgársveit vegna hugsanlegra fornminja á framkvæmdasvæðinu en ekkert hafi komið fram um að slíkar minjar séu á lagnaleiðinni.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að skrá þurfi fyrirhugaða lagnaleið þar sem hún liggi yfir óraskað land. Útlínur skráðra fornleifa skuli koma fram á uppdrætti Hjalteyralagnar. Að lokinni skráningu þurfi framkvæmdin að koma til umsagnar hjá Minjastofnun áður en framkvæmdaleyfi verði gefið út.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi verið fjallað um minjar í greinargerðinni vegna þess að húsin á Skipalóni séu í um 500 m fjarlægð frá fyrirhugaðri lögn og að engar minjar hafi verið skráðar í lagnastæði. Rætt hafi verið við minjavörð sem skrifaði umsögnina fyrir Minjastofnun Íslands. og hafi niðurstaða þess samtals verið sú að í ágústmánuði 2018 muni fulltrúar framkvæmdaraðila og Minjastofnunar fara í vettvangsferð á framkvæmdasvæðið. Ef þar reynist vera minjar sem hlífa verði við raski verði lögninni hnikað til.

Í umsögn Hörgársveitar kemur fram að framkvæmdin varði verndarhagsmuni hverfisverndarsvæða HV12, sem er Rústhólar, tóft o.fl. í landi Óss, og mögulega HV15, sem er bæjarstæði Skipalóns, sem skilgreind séu í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2020.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð lögn sé í talsvert mikilli fjarlægð frá viðkomandi hverfisverndarsvæðum. Ákveðið hefur verið að fara um svæðið með fulltrúa Minjastofnunar Íslands áður en endanleg lagnaleið verði ákveðin.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2020 þar sem Hörgársveit telur að þó vikið sé að áformum um nýja stoðveitulögn í greinargerð með aðalskipulagi þá þurfi að færa lögnina inn á uppdrátt með aðalskipulagsbreytingu.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hörgársveitar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Efnistaka er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu, sbr. lög um lax- og silungsveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu nýrrar hitaveitulagnar í Hörgársveit frá borholum við Hjalteyri til sveitarfélagamarka Akureyrar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdunum verður ný hitaveitulögn grafin niður um 19 km leið á um 2 m dýpi. Nýja lögnin verður samsíða núverandi lögn nema á 3,5 km á tveimur köflum. Umfang áhrifsvæðis framkvæmdarinnar er því á afmörkuðu beltum sem hefur að mestu leyti verið raskað með fyrri framkvæmdum. Á móti kemur líkt og framkvæmdaraðili bendir á að til frambúðar stuðlar framkvæmdin að notkun endurnýtanlegra orkugjafa og mun draga úr raforkunotkun þar sem hægt verður að leggja núverandi dælustöð af. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einnig taka mið af: Staðsetningu hennar með tilliti til landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun. Verndarsvæða sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum, svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem um votlendi og verndun plantna á valista, og hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, upprunalegs gróðurlendis og svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Sé horft til álagsþols náttúrunnar þá er ljóst að lagnaleiðin raskar votlendi og votlendisvistgerðum og hætta kann að vera á því að gróðri á valista verði raskað m.a. Maríulykli sem er afar sjaldgæf jurt. Skipulagsstofnun minnir á að við leyfisveitingar til framkvæmdanna þarf að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í 61. gr. náttúruverndarlaga, um að áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir. Fornminjum kann að vera hætta búin og hefur Minjastofnun bent á að lögbundin fornleifaskráning vegna framkvæmdarinnar þurfi



að fara fram áður en framkvæmdaleyfi verði gefið út. Framkvæmdaraðili hefur lýst því yfir að endanleg lagnaleið verði valin í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Minjastofnun Íslands. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem umfangi áhrifa, stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkum á áhrifum, tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa. sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Í ljósi þess sem rakið er að framan telur Skipulagsstofnun að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist fyrst og fremst í áhrifum á gróður. Óvíst er um áhrifin en lagnaleiðin verður valin í samráði við sérfræðinga um gróður. Eins og áður sagði verður gengið úr skugga um að menningaminjar raskist ekki með vettvangsskoðun fornleifafræðings. Lögnin verður ekki sýnileg og að mestu lögð með vegi. Að mati Skipulagsstofnunar eru áhrifin bundin við afmarkað svæði og unnt á að vera að ganga þannig frá framkvæmdasvæðinu að ummerki um rask vegna lagningarinnar verði lítil sem engin. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að hitaveitulögn frá Hjalteyri til Akureyrar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 31. ágúst 2018.

Reykjavík, 24. júlí 2018

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir